

# Garðabær

11.01.2026

Sent: [skipulagsgatt@skipulagsgatt.is](mailto:skipulagsgatt@skipulagsgatt.is)  
Bt: Hrönn Hafliðadóttir / Garðabær

Mál nr.22/2026

## Norðurnes, Álftanesi - Deiliskipulag

Álftanes er eitt af þeim svæðum á stórhöfuðborgarsvæðinu sem er enn að töluverðu leyti óraskað og á það bæði við um strandlengjuna sem og lífríkt og verðmætt vatnasvið þar sem fuglalíf er fjölbreytt. Svæðið verður sífellt eftirsóknarverðara í ljósi þess að náttúrulega óraskað fjöruborð verður æ sjaldséðara vegna framkvæmda og er víða alveg óaðgengilegt. Landvernd minnir á að náttúrulegar fjörur hafa mikið upplifunar- og fræðslugildi og þær þarf að vernda fyrir framtíðarkynslóðir. Landvernd hefur áhyggjur af þeirri þróun sem er enn á sér stað vegna framkvæmda við strandlengjuna á stórhöfuðborgarsvæðinu. Þar hefur verið gengið mjög hart á græn svæði við sjávarsíðuna sem eru eftirsótt til útivistar. Álftanes nýtur síaukinna vinsælda meðal fólks sem sækir sér útivist og náttúrulega upplifun án mikillar truflunar. Landvernd hefur fengið ábendingar frá bæði íbúum á grannsvæði fyrirhugaðra breytinga og frá öðrum þeim sem nýta svæðið til útivistar.

### Framsetning á skipulagsgátt – umhverfismat

Landvernd saknar þess við kynningu á skipulagsgátt að liðnum „Lýsing“ á deiliskipulagi er sleppt og þó að ýmsar kortaupplýsingar og loftmyndir séu gagnlegar og nauðsynlegar er bagalegt að sjálfstæð greinargerð hafi ekki verið unnin og sé meðfylgjandi á gáttinni. Tillagan gerir ráð fyrir landnotkunarbreytingum í 9 liðum og er áætlun á breytingum það stórtæk og ágeng umhverfi og náttúru að verkefnið ætti að falla undir heildstætt mat á umhverfisáhrifum.

### Friðlýsing innan skipulagssvæðis

Hluti Kasthúsatjarnar og umhverfi hennar á Álftanesi var friðlýst sem friðland árið 2002 með það að markmiði að vernda tjörnina og fjölskrúðugt fuglalíf hennar, en tjörnin er grunn strandtjörn með ríku lífríki. Aðliggjandi fjara var friðlýst sem fólkvangur sama ár til að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota (sjá nánar á vef Náttúruverndarstofnunar: <https://www.nattura.is/svaedin/fjaranvidkasthusatjorn>). Í fyrirliggjandi tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir hluta af nýju golfvallarsvæði a.m.k. alveg á mörkum hins friðlýsta svæðis í og við Kasthúsatjörn. Ef horft er til ástundunar golfþróttar við hið friðlýsta svæði er hætt á að hið fjölskrúðuga fuglalíf og búsvæði tegunda sem þarna hafa viðkomu gætu orðið fyrir óafturkræfri truflun. Jafnhliða Kasthúsatjörn er aðliggjandi fjara friðlýst sem fólkvangur og þar hefur útivist almennings aukist verulega á svæðinu og með tjörninni. Landvernd tekur undir með íbúum á nærliggjandi svæði sem hafa lýst sig andvíga því að byggja upp golfvöll á svæðinu sem mundi valda miklu inngrípi í verðmæta náttúru þar sem frekar ætti að endurheimta land á náttúrulegan hátt en að spilla því varanlega.

### Stefna í aðalskipulagi

Í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar er metnaðarfull stefna undir liðnum Umhverfi en þar er meðal annars Álftanes undir í umfjöllun. Landvernd telur að tillaga að því deiliskipulagi sem nú liggur fyrir hér á skipulagsgátt falli ekki að þeirri stefnu sem er að finna í aðalskipulaginu og að deiliskipulagið brjóti beinlínis í bága við aðalskipulagið.

Í stefnu aðalskipulagsins segir eftirfarandi

- *Garðabær verði í fararbroddi bæjarfélaga við verndun umhverfis og náttúru og því eftirsóttur til búsetu sem vistvænn bær með heilnæmt og aðlaðandi umhverfi.*
- *Skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru í góðri sátt hvort við annað.*

- *Lagt verði kapp á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis. Við allar framkvæmdir á vegum Garðabæjar verði röskun á náttúru og lífríki takmörkuð eins og kostur er.*
- *Haldið verði uppi öflugum vörnum gegn hvers kyns mengun*
- *Stefnt verði að aukinni endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs*
- *Strendur bæjarlandsins verði hreinar, ómengaðar og aðgengilegar fólki*
- *Ákvarða legu græna trefilsins, græna stígsins sem ætlað er að þræða áhugaverðar náttúruperlur og útivistarstæði á höfuðborgarsvæðinu og stíga bláþráðarins sem fylgja sjávarströndinni*
- *Áfram verði unnið að endurheimt votlendis.*

Sem hér má sjá er um bæði skýra og metnaðarfulla stefnu að ræða sem ætla má að kjörnir fulltrúar Garðabæjar og íbúar hafi sameinast um í gildandi Aðalskipulagi. Í stefnunni er meðal annars lögð sérstök áhersla á að skapa góða sátt milli íbúa og náttúru. Að sama skapi skuli lagt kapp á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis og röskun á lífríki og náttúru takmörkuð eins og kostur er. Þá og síðast en ekki síst er stefnt að því að vinna áfram að endurheimt votlendis. Landvernd fagnar svo metnaðarfullri stefnu en minnir sveitarfélagið á í leiðinni að deiliskipulagið verði að taka mið af þessari grunnstefnu en á það vantar.

Áhugavert er að skoða eldra deiliskipulag af svæðinu við hina friðlýstu Kasthúsatjörn og nágrenni þar sem gætir meiri framsýni og virðingar fyrir náttúru sem til staðar er. [Sjá nánar hér.](#)

Sveitarfélagið er hvatt til þess að draga til baka þau áform sem beinast gegn náttúru og lífbreytileika svæðisins og laga skipulagið náttúrunni. Frekari skerðing á náttúrulegum fjörum með nýjum grjótnargörðum fer gegn lífríki og skerðir möguleika á útivist og upplifun, ekki síst í ljósi þess hve gríðarlega hefur verið gengið á strandsvæði höfuðborgarsvæðisins með ágengum framkvæmdum. Landvernd hefur skilning á að verja þurfi afmörkuð svæði, td. íbúabyggð, þar sem sjógangur geti valdið tjóni. Þetta er annars eðlis.

#### **Að lokum**

Landvernd gerir ráð fyrir að fyrirbyggjandi landnotkunarbreytingar og aðrar framkvæmdir í deiliskipulaginu muni sæta heildstæðu mati á umhverfisáhrifum og áskilur sér rétt að gera athugasemdir á síðari stigum máls þegar nánari og meira upplýsandi gögn og greinargerðir liggja fyrir.

*Með vinsemd og virðingu*

*Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir*